

Fundargerð 153. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn miðvikudaginn 21. apríl 2021 kl. 11:00 á skrifstofu VM Stórhöfða 29 og í gegnum fjarfundarbúnað.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Samúel Ingvason, Sigurður Gunnar Benediktsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Jóhann Erlingsson og Símon Guðvarður Jónsson.

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson og Svanur Gunnsteinsson.

Fjarverandi: Andrés Bjarnason og Agnar Ólason

Dagskrá :

1. Yfirferð og undirritun ársreikninga VM

Formaður bauð endurskoðanda félagsins velkominn á fundinn og gaf honum orðið. Hann byrjaði á að fara yfir reikninga félagsins. Heildartekjur ársins 2020 voru rúmlega 720 milljónir samanborið við rúmlega 670 milljónir árið 2019. Hagnaður mun meiri núna en 2019 vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna. Heildarafkoma ársins er jákvæð um 152 milljónir samanborið við 92,2 árið áður. Heildareignir samstæðunnar eru 2,6 milljarðar samanborið við 2,4 milljarða árið áður. Aukningin liggur í varanlegum rekstrarfjármunum vegna eignaskipta. Skuldir félagsins eru sára litlar, aðallega vegna skuldbindinga fjármagnstekjuskatts. Allir sjóðir eru með jákvætt eigið fé nema orlofssjóður, en þar hafa útgjöld í gengum tíðina verið meiri en tekjurnar. Endað var á að fara yfir ársreikning Akks en hagnaður sjóðsins var um 6 milljónir.

Umræður voru um reikninginn og svo var reikningurinn samþykktur og undirritaður af þeim sem voru á fundinum, þeir sem voru á fjarfundi réttu upp hönd til samþykktar.

2. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 152. Fundargerð samþykkt og undirrituð.

3. Skýrsla formanns. Verktakinn sem tók að sér að skrifa heildartexta kjarasamninga VM er búin að skila mörgum, Landsvirkjun, Faxaflóahöfnum, kaupskipum, orkubúi Vestfjarða, Sambandi íslenskra sveitafélaga og orkuveitu Reykjavíkur (bæði fyrir vélfræðinga og málmæknimenn). Áður var hún búin að skila af sér Hafró og LHG. Við sendum þetta svo á viðsejendur okkar til að fá samþykkt sem heildarkjarasamning en við höfum ekki fengið nein svör. Þeir munu fá ítækun í dag eða morgun og ef það verða engin svör þá fer þetta svona inn á heimasíðuna. Formaður vonar að í lok maí verði þessir samningar komnir undirritaðir á heimasíðuna. Við erum búnir að eiga nokkra fundi vegna SFS. Nú er verið að tala um að efla traust og gera það í gengum verðlagsstofu. Þeir vilja samt ekki leyfa stéttarfélögunum að komast að verðlagssamningum.

Við áttum góðan fund með Brim um loðnuvertíðina þar sem farið var yfir verð og lokaverð. Allir sammála um að þetta sé til mikilla bóta.

Hjá Ísal er verið að vinna í vinnutímastyttingu og komið langleiðina. Búnir að vera 3 undirbúningsfundir með trúnaðarráðinu vegna kjarasamnings. Fyrsti formlegi fundurinn verður á mánudaginn kemur.

NMF: Fjarfundur 12. apríl. Og IndustriAll fjarfundur 14 – 15 apríl. Skýrslur landanna vegna NMF og fundargerð vegna IndustriAll eru undir lið 5. Lagt fram til upplýsinga.

Fulltrúaráðsfundur Gildis var haldinn þann 7. apríl og svo aðalfundur 15. apríl.

Saga netagerðarinnar verður kynnt á aðalfundinum. Formaður sýndi tilboð sem komu í prentunina og sagði að tilboði frá Prentmiðlun hefði verið tekið.

Mikið hefur verið að gera í verkefnum tengdum ASÍ bæði miðstjórn og fastanefndum og svo eru nokkur fumvörp til umsagnar eins og um íslenska skipaskrá og lífeyrismál.

4. Aðalfundur VM 30. apríl.

Við erum búin að hafa samband við nokkur félög og mjög mörg ætla að hafa aðalfundina sína rafræna að þessu sinni og það ætlum við að gera líka. Við fáum Advania til að koma og stýra útsendingu fundarins fyrir okkur. Samkvæmt lögum félagsins þarf að vera búíð að opna aðalfund fyrir 1. maí og þá er alveg eins gott að klára fundinn bara rafrænt. Formaður sýndi dagskrá fundarins og undir önnur mál verður meðal annars kynningin á bókinni og málefni orlofsnefndarinnar. Formaður sýndi hvernig á að skrá sig á fundinn í gengum heimasíðuna og rætt var um tímamörkin á skráningunni. Hægt verður að skrá sig til kl. 12:00 þann 30. apríl. Formaður bað stjórn að hvetja menn til að skrá sig á fundinn. Halldór Oddsson lögfræðingur ASÍ verður fundarstjóri. Gögn sem lögð verða fram á fundinum voru borin undir stjórn.

Formaður lagði fram drög að tillögu sem orlofsnefndin mun leggja fyrir fundinn. Setja þarf inn í tillöguna að boðið verði upp á aðra kosti á staðnum þar sem á að selja. Formaður endurskrifar og sendir út til samþykktar. Samþykkt.

Formaður sýndi kápu sögu netagerðar á Íslandi. Og sýndi síðan tilboð sem fengin voru í prentun á bókinni. Prentuð verða 250 eintök.

Handhafar gullmerkja. Formaður rakti söguna. Og sýndi lista yfir þá sem hann hafði hugsað sér að afhenda gullmerkið á aðalfundinum. Nú verður fundurinn rafrænn þannig að spurningin er hvort það eigi ekki að fresta afhendingu þangað til við getum haldið aðalfund með mennina á staðnum, samþykkt að bíða með þetta í ár.

Stjórnarmenn í Akki eru kjörnir til 3ja ára. Þeir sem hafa setið sem aðalmenn eru allir til í að vera áfram, samþykkt.

5. Lagt fram til upplýsingar.

NMF-rapport-Island-april-2021

Samantekt fyrir stjórn VM, fundur IndustriAll 14. – 15. Apríl

6. Önnur mál.

- Samvinnan á milli iðnfélaganna er alltaf að vaxa og nú er verið að ræða um að ráða lögfæðiskrifstofu til að taka að sér verkefni fyrir félögin, verið er að bjóða okkur tímenn á 17.000 sem er lægra en við erum að borga okkar lögfræðingum. Þeir eru til í að taka að sér almenn mál og bjóða þá frían fyrsta tíma og svo afslátt á tímann en þá er verið að miða við fullt gjald. Við erum ekki búin að sjá neinn samning ennþá en til að tryggja svona stofu þá er talað um að félögin myndu þurfa að greiða mánaðarlega fyrir 20 tíma. Formaður sagði að hann myndi ekki skrifa undir neitt nema sýna stjórn fullgerðan samning fyrst. Einnig hefur verið rætt um að vera með sameiginlega almannatengil.
Umsögn iðnfélaganna um frumvarp til breytingar á lögum um lífeyrisréttindi er eitt af samstarfsverkefnum félaganna.
Samvinna með háskólanemum, átak varðandi vinnu fyrir háskólanema. Spurning að ráða einhverja í sérhæfð verkefni fyrir félögin. Elmar hjá Samiðn er að skoða þetta.
- Kvennasiglingin 2021, við ásamt skipstjórnarmönnum styrktum þessar hressu konur um 500 þúsund, 250 þúsund hvort félag. Tilgangurinn með þessu er að sýna að konur geta líka verið á sjó.

Fundi slitið 15:30